




VIÐ ERUM MARGAR

VIÐ ERUM MARGAR er sýning á safnkosti Kvennasögusafns Íslands, sem haldin er í tilefni af 50 ára afmæli safnsins.

Kvennasögusafn var stofnað 1. janúar 1975 á heimili fyrstu forstöðukonu þess, Önnu Sigurðardóttur, í blokkaríbúð hennar við Hjarðarhaga. Stofnun safnsins var fyrsti íslenski viðburðurinn á alþjóðlegu kvennaári Sameinuðu þjóðanna en árið 2025 hefur einnig verið útnefnt kvennaár.

Markmið Kvennasögusafns er að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna og stuðla að rannsóknum á kvennasögu. Starfsemi safnsins byggir á þeirri sannfæringu að líf húsmóðurinnar sem sýður fisk í potti sé jafnórjúfandur hluti sögunnar og stjórnmálakarlsins sem stígur í pontu á Alþingi.

Frá árinu 1996 hefur Kvennasögusafn starfað innan Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í Þjóðarbókhöllu en það var draumur Önnu Sigurðardóttur frá upphafi – enda er kvennasagan hluti af þjóðarsögunni.



Verkföll kvenna

Sumarið 1907 fóru konur á Íslandi fyrst í verkfall, svo vitað sé. Þá lögðu fiskverkakonur í Hafnarfirði niður störf hluta úr degi. Þær breiddu fiskinn út að morgni en neituðu að taka hann saman síðdegis nema kaup þeirra yrði hækkað. Það fór að rigna og vinnuveitandinn gat ekki annað en gengið að kröfunni.

Síðan þá hafa íslenskar konur oft farið í verkfall til að knýja fram betri kjör. Framan af neituðu mörg verkalýðsfélög karla að veita konum inngöngu og því stofnuðu þær sín eigin félög, svo sem Einingu á Akureyri, Framtíðina í Hafnarfirði, Félag afgreiðslustúlkna í brauð- og mjólkurbúðum og Starfsstúlknafélagið Sókn. Konur fengu iðulega lægri laun en karlar fyrir sömu vinnu. Eins voru hefðbundin kvennastörf jafnan verr launuð en hefðbundin karlastörf. Margir litu svo á að karlar væru fyrirvinnur heimilanna og ættu því að ganga fyrir um vinnu, þótt í raun ynnu margar konur fyrir heimilum sínum. Þannig var verkalýðsbarátta kvenna samofin kvenréttindabaráttunni.



Kvennafrídagurinn

Frægasta verkfall á Íslandi er kvennafrídagurinn 24. október 1975. Þá gekk stór hluti íslenskra kvenna út af vinnustöðum sínum og lagði niður störf á heimilunum til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna. Það tókst svo um munaði og gangvirki þjóðfélagsins lamaðist. Víðs vegar um land voru haldnir baráttufundir með ræðuhöldum og fjöldasöng. Skipuleggjendur áætluðu að 90% kvenna hefðu lagt niður störf og talið er að um 25.000 manns hafi safnast saman á einum stærsta útifundi Íslandssögunnar á Lækjartorgi í miðbæ Reykjavíkur.

Kvennafrídagurinn var skipulagður af ólíkum kvenfélögum og kvenna-samtökum og konur tóku þátt í verkfallinu þvert á hið pólitíska litróf. Þótt framtakið væri íslenskt stóð það í nánum tengslum við alþjóðlega kvenna-baráttu. Árið 1975 hafði verið útnefnt alþjóðlegt kvennaár af Sameinuðu þjóðunum en 24. október er einmitt dagur Sameinuðu þjóðanna.

Kvennafrídagurinn hefur verið endurtekinn sex sinnum, árin 1985, 2005, 2010, 2016, 2018 og 2023. Skjöl allra kvennafrídaganna eru varðveitt á Kvennasögusafni.



Vinna kvenna

Gegnum tíðina hafa konur unnið margvísleg störf. Öldum saman sáu konur um verkin innanhúss, matargerð og fatagerð, þrif, þvotta og barnauppeldi. Þær létu þó einnig til sín taka utanhúss, til dæmis í heyskap og við skepnuhirðingu.

Eftir að borgaralegt nútímasamfélag tók að mótask á Íslandi á 19. öld fíkrúðu konur sig smám saman út á hinn opinbera vinnumarkað. Sumar þeirra unnu störf sem tilheyrðu hefðbundnu verksviði kvenna, svo sem við hjúkrun og barnakennslu. Aðrar leituðu út fyrir viðtekin kvennastörf og urðu til dæmis húsamálarar, læknar og bílstjórar.

Heimilið var þó áfram mikilvægur vinnustaður kvenna. Sumar konur tóku að sér launavinnu sem þær unnu heima, svo sem sauma og þvotta, eða unnu inni á heimilum annarra. Þegar vinnudegi útivinnandi kvenna lauk biðu húsmóðurstörfin iðulega heima.



Félög kvenna

Árið 1871 stofnuðu konur í fyrsta sinn félag á Íslandi en það var Kvenfélag Rípurhrepps í Skagafirði. Áður höfðu konur í hreppnum hist á fundum til að ræða hugðarefni sín, meðal annars menntun kvenna og hreinlæti á heimilum.

Síðan hafa íslenskar konur stofnað félög um öll möguleg málefni: líknar- og góðgerðafélög, kristileg félög og bindindisfélög, kvenréttindafélög og verkalyðsfélög, fagfélög og stjórnmálafélög, tómstundafélög og íþróttafélög. Sum félög eru lítil og staðbundin, önnur eru fjölmenn landssambönd. Oft hafa konurnar í þessum félögum verið ósammála innbyrðis og tekist á um rétta stefnu, enda eru konur ekki einsleitur hópur og ýmislegt annað en kyn þeirra setur mark sitt á líf þeirra og hugmyndir. Félögin hafa þó ekki síður verið vettvangur samstöðu og samtakamáttar þegar á reynir.



Anna Sigurðardóttir og Kvennasögusafn Íslands

Kvennasögusafn Íslands var stofnað á nýársdag 1975 á heimili Önnu Sigurðardóttur við Hjarðarhaga 26. Anna var fyrsta forstöðukona safnsins og stóð að stofnun þess ásamt Else Miu Einarsdóttur og Svanlaugu Baldursdóttur, bókasafnsfræðingum.

Anna byrjaði að safna heimildum um sögu kvenna árið 1946 en hún var þá kennari, húsfreyja og kvenréttindakona á Eskifirði. Í fyrstu var söfnunin tilviljanakennd. Anna hripaði niður minnispunkta á snepla sem voru við höndina, eins og pappírinn utan af fiskinum. Hugmyndin að stofnun safns kviknaði mun síðar, eða árið 1968, fyrir áhrif frá norrænum kvennasögufraeðingum.

Kvennasögusafn hefur aðeins haft einn fastan starfsmann að jafnaði en safnið á sér marga velunnara sem hafa lagt því lið. Áhugahópur um varðveislu og framgang Kvennasögusafns Íslands var stofnaður árið 1987 og vann að því að safnið fengi inni í fyrirhugaðri Þjóðarbókhöllu ásamt Landsbókasafni og Háskólabókasafni en það hafði verið markmið Önnu frá upphafi. Anna lést í janúar 1996 en á afmælisdegi hennar 5. desember sama ár varð draumur hennar að veruleika þegar Kvennasögusafn var opnað í Þjóðarbókhöldunni sem sjálfstæð eining innan Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.



VIÐ ERUM MARGAR

www.50.kvennasogusafn.is

Höfundur sýningar:
Rakel Adolphsdóttir

Hönnun sýningar og sýningarskrár:
Ólafur Engilbertsson

Hönnun forsiðu sýningarskrár og teikninga:
Didda Flygenring

Höfundur sýningartexta:
Kristín Svava Tómasdóttir

Ensk þýðing:
Karólína Rós Ólafsdóttir

Skilti, innsetning:
Boaz Yosef Friedman og Karólína Rós Ólafsdóttir

Ljósmyndir:
Úr safnkosti Kvennasögusafns, Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni,
Byggðasafn Dalamanna

Að sýningu komu fyrir hönd Landsbókasafns:
Guðjón Pálmarsson, Halldóra Kristinsdóttir, Helgi Braga, Hildur Ploder
Vigfúsdóttir, Jón Ingimar Jónsson, Jökull Sævarsson, Sigríður Jónsdóttir

Sérstakar þakkir:
Emily Lethbridge, Árnastofnun, Þjóðminjasafn Íslands, Kvikmyndasafn
Íslands, Íslandsbanki

Prentun sýningarskrár:
Ísafold

Prentun sýningar:
Bræðurnir Baldursson
Sýningakerfi

Útgefandi:
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, október 2025

ISBN 978-9935-434-28-9



Kvennasögusafn
Íslands



Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn